

Garðar Jónsson

S T A R F S S K Ý R S L A F Y R I R Á R I Ð

1 9 8 2 .

Suðurlandsumdæmi.

1. Veðurfar ársins.

1.1 Veturinn frá áramótum var heldur góður, ef frá eru taldir einn og einn dagur með nokkru frosti, roki og rigningu. Í febrúar var milt en mikil úrkoma, sem aðallega var rigning, sömuleiðis í mars. Vorið var frekar kalt, en klaki var ekki mikill í jörðu, þannig að gróðursetning gat hafist á eðlilegum tíma. Sumarið var frekar kalt og nýttist vel til allrar vinnu. Haustið var kalt, en litlar útkomur. Veturinn til áramóta var frekar kaldur, en úrkoma lítil fyrr en síðast í desember, þá setti niður töluverðan snjó. Árið í heild verð ég að telja kalt, en nýttist þó vel til allra framkvæmda.

2. Vöxtur og þrif trjágróðurs.

2.1 Laufgun og lauffall birkis.

Laufgun á birki í trjágróðum á Selfossi tel ég að hafi verið um 6. júní og er þá mestmegnis um birki af Bæjarstaðakvæmi að ræða. Um svipað leyti á Þórsmörk, þar laufgast oft snemma á vorin vegna þess, hvað skjólsælt þar er og sólar nýtur vel. Í uppsveitum Árnes- og Rangárvallasýslu laufgast kræðan, sem þar vex, viku til tíu dögum síðar. Lauffall var um 20. september.

2.2 Vöxtur.

Ársvöxtur var í lélegu meðallagi, þó skáru sig úr þau svæði, þar sem borinn var á áburður, þar var ársvöxtur mjög góður.

2.3 Fræfall.

Fræ á trjágróðri var mjög lítið. Þó hefði mátt reita eitthvað af könglum af stafafuru. Smávegis var safnað af lúpínufræi, en þó svo lítið að vinnukostnaður varð aðeins kr. 886.-

2.4 Skaðar.

Á útmánuðum gulnuðu nálar á stafafuru smávegis, en það er svo venjulegt og var svo lítið að ekki er orð á gerandi. Í fyrrahaust var ég hræddur við toppskaða á sitkagreni og jafnvel rauðgreni, vegna þess að árssprotar voru tæplega orðnir trjákenndir er fyrstu haustfrost komu. En svo varð ekki nema þá á stöku trjám á stangli og maður tók ekki eftir því.

3. Starfsfólk.

18 manns voru á launaskrá á árinu hjá deild 11. Laun og aðrar greiðslur til þessa fólks voru kr. 930.200,--. Af þessu fólki eru tveir fastráðnir starfsmenn (BSRB), sem starfa allt árið. Laun og aðrar greiðslur til þeirra voru kr. 385.200,- Samtals urðu greiðslur til ASÍ-fólks kr. 545.000,-

Samtals urðu vinnumánuðir 71.77 eða 5.98 starfsár. Eknir voru 15.450 km á starfsmannabílum og greitt fyrir það kr. 58.800,- Eftir mánuðum skiptist lausráðið fólk þannig:

jan.	febr.	mars	apríl	maí	júní	júlí	ágúst	sept.	okt.	nóv.	des.
1	1	1	2	7	14	10	11	6	4	4	2

4. Girðingar.

4.1 Viðhald.

Girðingaeftirlit og viðgerðir voru samkvæmt venju og ástand þeirra allsæmilegt.

Hrauntúnsgirðing var lagfærð fyrstu dagana í maí. Það má segja að hún sé hnökralaus, enda ný,

Skaftafellssýslugirðingar. 11. maí fór Hrafn með tvo menn með sér austur og lagfærði girðingarnar eftir veturinn. Þær eru báðar heldur lélegar og væri gott að fara að huga að rækilegri endurbót á þeim.

Þjórsárdalsgirðing. Um miðjan maí var byrjað að lagfæra girðinguna og unnið að því með öðrum verkum fram eftir sumri. Helsta verkið við girðinguna var, að ekið var stóru grjóti að malargarði, sem girt er eftir við Fossá, og hafði áin étið það mikið úr garðinum, að nærri liggur að hún brjóti sig í gegnum hann. Þessu verki varð ekki lokið í sumar.

Þórsmerkurgirðing. 21. júní fóru 4 menn inn á Þórsmörk og lagfærðu vestu kaflana á girðingunni. Allt smávegis við girðinguna eftirlétu þeir vörðunum, sem Þórsmörk annast sumarlangt, og vísast til skýrslu þeirra um Þórsmörk þar að lútandi. Samtals urðu vinnulaun við viðhald á girðingum kr. 48.137,-

5. Skógarhögg.

5.1 Jólatré.

Ekki var staðið eins vel að áburðardreifingu á jólatrésreitina í ár eins og 1981 og kom það í ljós, að trén voru ekki eins græn og falleg og í fyrra. Það er eins og það þurfi að bera áburð á þau á hverju ári til að ná góðum árangri, þó getur verið að það fari dálítið eftir veðráttu sumarsins og haustsins. Byrjað var að höggva rauðgrenijólatrén 25 október og verið að til 12. nóvember. Flutningur á trjánum til viðskiptamanna hófst litlu síðar, og síðasti bíll úr Þjórsárdal til Landgræðslusjóðs fór 29. nóvember. Fjórir menn unnu að jólatréshögginu, veðrátt var góð og verkið gekk vel. Samtals voru tekin og seld 3.387 rauðgreni og 433 stafafurur. Brúttósala varð kr. 928.630,00 en að frádregnum söluskatti og afslætti varð salan kr. 693.195,- Vinnulaunakostnaður vegna jólatrjáa varð kr. 48.508,-

5.2 Starðarflokkar af seldum jólatrjám.

<u>Starð</u>	<u>Rauðgreni</u>	<u>Stafafura</u>
0.70-1.00	297	54
1.01-1.25	962	123
1.26-1.50	774	134
1.51-1.75	621	71
1.76-2.00	410	29
2.01-2.50	242	22
2.51-3.00	41	
3.00-4.00	37	
4.00-5.00	3	
Samtals	3.387	433

6. Gróðursetning.

6.1 Þjórsárdalur.

Gróðursetning hófst 10. júní og var að mestu lokið um mánaðarmótin júní-júlí. Mest var gróðursett í Kornása vestan til í Skriðufelli, aðallega stafafura og lerki. Í Selhöfðum voru fluttar um set metrarháar lerkiplöntur, sem stóðu of þétt í reit R 3320.

6.2 Hrauntún-Laugarvatn.

Í ágúst gróðursettu norðmenn í Hrauntúni og Laugarvatni. Á Laugarvatni var gróðursett í kjarrið upp með Lyngdalsheiðarvegi. Í Hrauntúni í skóginn sunnan og austan við Brúntjörn. Norðmennirnir bjuggu í Héraðsskólanum á Laugarvatni, en ekið var með hluta hópsins að Hrauntúni í lítilli, rútu, sem tekin var á leigu til þess arna.

Greiðd vinnulaun vegna gróðursetningar kr. 63.486,-

6.3 Gróðursetning.

Þjórsárdalur - vor

Stafafura Skagway	2/2 B 952 T (R.2349-1500, R.2350-1000, R.2351-1000, R.22480 og R.2246- 1.000, R.2236-14600, R.2408- 700, R.2408B-200)	20.000 ✓
Sitkagreni, Homer	2/2 br. B 936 T (R.2234-1425, R.2136-2275)	3.700 ✓
Rússalerki MoDo	1/2m. C 018 T (R.2243-1050, R.2235-7800 R.2408B-1000, R.2409-200, R.2410A-1000, R.230.-350. R.2435-1200 ópl. 1900)	15.500
Síberíulerki Hausjörvi	1/1 m. C 046 H (R.2439-400)	400 ✓
Rússalerki Abselim	1/2 br. C 025 H. (R.2440-300)	300 ✓
Sib. lerki. Ulan Ulensk	1/2 m. C 029 H (R-2441-600)	600 ✓
Rússalerki Kuhmo	1/2 br. C 031 H. (R.2441-300)	300 ✓
Sib. lerki Altai	1/3 br. B. 997 H R.2438-200)	200 ✓
		<u>41.000</u>

Hrauntún - haust

Stafafura Skagway	2/1 m C023 T (Ho250-3000, Ho249-3000)	6000 ✓
Rússalerki MoDo	2/1 m C 018 T (H 0150-5000)	5000 ✓
		<u>11000</u> ✓

Laugarvatn - haust

Stafafura Skagway	2/2m B952 T (L4092-300)	300 ✓
Stafafura Skagway	2/1m C023 T (L4092-5000, L4091-1800)	<u>6800</u> ✓
Stafafura Haines	2/2 br. B908 T (L4091-1000)	1000 ✓
Rússalerki MoDo	2/1 m C018 T (L40102-2830)	2830
		<u>10930</u>

7. Hirðing plantna.

7.1 Í Þjórsárdal var unnið við frásögun frá gróðursetningum eins og gert er á hverju ári. Sagaður var teinungur í Lambhöfða í jólatrjáreitunum þar. Í þeim reitum, sem atlaðir eru til jólatrjátöku, þarf helst að fara í gegn um á hverju ári, svo jólatrén skaðist ekki, því það er ótrúlega fljótt að vaxa, birkikjarrið, þegar það er til skaða. Hreinsað var til í Selhöfðum í kringum lerkið frá 1958, og það reyndar grisjað nokkuð.

Þá var sagað frá í rauðgrenireit í Gvendarrana í Selhöfðum (R.3410) svo og í sitkagrenireitum (3110 og 3111), sem eru austan í Skriðufellinu. Í Hvammsárdal sagað frá sitkagrenireit (2124).

7.2 Áburður. Allmikið var borið á ungar plöntur, gróðursettar á árunum 79-81. Notaðir voru mjög litlir skammtar af áburði á hverja plöntu, venjulega var miðað við 1 gr. af áburði á hvern hæðarsentimetra plöntunnar.

Þá flaug vél Landgræðslunnar, Páll Sveinsson, með áburð yfir Gullhektarana og nálæg svæði í Selhöfðum og dreifði þar 4 tonnum af áburði. Nú var flogið hærra og minna hleypt út af áburði en áður hafði verið gert, en flogið oftast yfir svæðin. Síðsumar, þegar áhrif áburðarins fóru að koma í ljós, virtist að vel hefði til tekist, ekki komu áburðarrendur, en áburðarmagn á hverja flatareiningu hefði mátt vera meira.

- 7.3 Grisjun. Lerkirásin (R.3319) í Selhöfðum var grisjuð nokkuð. Aldrei hefur áður verið grisjað þarna, en áður tekin nokkur tré upp með rót og flutt til. Sitkagreni (R.2120). Í Hvammsárdal voru teknir nokkrir tugir af hnausplöntum í vor, og þær seldar.

Í Skarfanesi var grisjað úr stafafurureitunum þar, og nokkuð nýtt af því sem féll, sem jólatré. Á Þórsmörk var stafafura í Litla-enda grisjuð og nýtt sem jólatré.

Vinnukostnaður við umhirðu nýskóga varð kr. 66.857,- og við umhirðu birkiskóga kr. 47.333,-.

8. Vélar og verkfæri.

8.1 Vörubifreiðin X-2395.

Engin stórviðgerð var á vörubílnum í ár, aðeins venjulegt viðhald. Samtals varð rekstur og viðhaldskostnaður kr. 57.133,-

8.2 Landrover X-139.

Settur var í Landroverinn dieselmótor, sem gerður var upp í fyrra og getið var um í skýrslunni þá. Tvívegir þurfti að taka girkassann á bílnum til viðgerðar á árinu. Einnig bremsur, fjaðrir o.fl. Bíllinn er orðinn mjög lélegur og spurning, hvað lengi borgar sig að halda honum við. Reksturs- og viðhaldskostnaður varð kr. 56.591,-.

8.3 Vinnuvélar og verkfæri.

Fyrst á árinu var keypt ný dráttarvél, Zetor, með drifi á öllum hjólum. Stórgott verkfæri við girðingaviðgerðir og aðra vinnu. Kaupverð rúmar kr. 120.000,-. Samtals varð reksturskornaður vinnuvéla og verkfæra kr. 45.121.-.

9. Ýmislegt.

9.1 Ferðalög mín á starfsárinu voru aðallega í skóglendi Skógræktar ríkisins á Suðurlandi og þá mest í sambandi við framkvæmdir á hverjum stað.

Í ágústmánuði kom skógræktarfolk frá Noregi til að gróðursetja hér á landi. Á Laugarvatni dvöldu 23 af hópnum, og gróðursettu og grisjuðu þeir þar og í Hrauntúni um 21.000 plöntur.

9.2 Ferðafólk.

Eins og undanfarandi ár, sótti mikið af fólki í skóglendi Skógræktarinnar. Mest í Þórsmörk og Þjórsárdal, en einnig í Skarfanes er töluvert farið að fara, þó þar sé engin aðstaða til að dvelja, nema þar eru góð tjaldstæði.

Á Þórsmörk voru tveir gæslumenn frá okkur í júní-ágúst í sumar. Höfðu þeir eftirlit með girðingunni, smöluðu girðinguna, innheimtu tjaldgjöld, sáu um tjaldsvæðin o.fl. Vísast til ágætrar skýrslu þeirra þar að lútandi. Í vor var fenginn íveruskáli hjá Landsvirkjun og fluttur á Þórsmörk. Bætir það aðstöðuna hjá vörðunum þar mikið. Smávegis þarf að lagfæra húsið, en það er ekkert mál.

Í Þjórsárdal léðum við bóndanum á Skriðufelli tjaldsvæðin í sumar. Rak hann það ásamt söluskála, sem er á staðnum frá gamalli tíð og er í eigu Landleiða. Um það er ekkert nema gott eitt að segja. Reksturinn gekk áfallalaust, og við sluppum við árvissan taprekstur af tjaldsvæðinu.

Samtals varð kostnaður af útivistarsvæðum kr. 120.234,-, en innkomið fyrir tjaldgjöld á Þórsmörk kr. 25.820,-.

Selfossi 31. des. 1982,

Garðar Jónsson